

# EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3267

|                                                        |                                                 |                                                                                              |
|--------------------------------------------------------|-------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Rekstraraðili</b><br>Steinull hf.<br>kt: 5901830249 | <b>Tegund starfsemi</b><br>Verksmiðjur          | <b>Starfsleyfisnúmer:</b><br>UOS-2025-L016-01<br><b>Gildistími starfsleyfis</b><br>10.4.2041 |
| <b>Starfsstöð</b><br>Sauðárkrókur                      | <b>Tegund eftirlits</b><br>Reglubundið eftirlit | <b>Dagsetning eftirlits</b><br>29. júní 2026                                                 |
| <b>Starfstöðvarnúmer:</b><br>007                       | <b>Eftirlitsmaður</b><br>Kjartan Guðmundsson    | <b>Útgáfudagur skýrslu</b><br>06.08.2026                                                     |

## Tengiliðir

| Tengiliður         | Titill            |
|--------------------|-------------------|
| Rafn Ingi Rafnsson | Framleiðslustjóri |

## Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram tvö ný frávik er varða árlegar mælingar á útblæstri og losun mengunarefna í loft yfir starfsleyfismörkum.

## Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit án vettvangsheimsóknar fór fram hjá rekstraraðila þann 29. júní 2026.

Steinull hf. fékk nýtt starfsleyfi á síðasta ári og þar komu inn nýjar kröfur. Farið var yfir skil á gögnum fyrir rekstrarárið 2025, þ.e. ársyfirlit og umhverfisupplýsingar. Steinull skilaði umhverfisupplýsingum og ársyfirliti sameiginlega, sem er heimilt samkvæmt starfsleyfi. Við yfirferð á gögnum kom í ljós að fullnægjandi árleg mæling skv. gr. 3.9 lá ekki fyrir vegna rekstrarársins 2025. Útblástursmæling sem framkvæmd var í febrúar 2025 náði einungis til ryks, ammóníaks, fenóls og formaldehýðs, en niðurstöður fyrir útblásturshraða, NO<sub>x</sub>, SO<sub>x</sub>, HCl, HF, málma og rokgjörn lífræn efni vantaði. Óskað var eftir frekari gögnum frá rekstraraðila, sem sendi niðurstöður mælinga sem fóru fram þann 3.–5. mars 2026. Mælingarnar áttu að fara fram árið 2025 en það dróst. Sett er frávik vegna þess að árleg mæling skv. gr. 3.9 var ekki framkvæmd á rekstrarárinu 2025.

Útblástursmælingar framkvæmdar af Matís sýna að rykstyrkur fer yfir losunarmörk starfsleyfisins. Mældur meðalrykstyrkur frá bræðsluofni var 52,9 mg/Nm<sup>3</sup>, en losunarmörk fyrir bræðsluofn skv. gr. 3.9 eru 20 mg/Nm<sup>3</sup>. Meðalrykstyrkur í skorsteini var 36,4 mg/Nm<sup>3</sup> og reiknaður rykstyrkur frá mótun og herslu 35,1 mg/Nm<sup>3</sup>, en mörkin fyrir mótun og herslu eru 30 mg/Nm<sup>3</sup>. Aðrir mældir efnaþættir (NO<sub>x</sub>, SO<sub>2</sub>, HCl, HF og málmar) reyndust innan marka. Verulegur breytileiki var milli einstakra mælinga. Í bræðslurás mældust gildi á bilinu 7,4–104,8 mg/Nm<sup>3</sup> og í skorsteini 14,3–52,4 mg/Nm<sup>3</sup>.

## Staða Frávika

| Frávik frá                   | Lýsing á fráviki                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | Staða á fráviki |
|------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------|
| gr. 3.9 í starfsleyfi        | Frávik skráð: 29. júní 2026<br><br>Losun mengunarefna í loft yfir viðmiðunarmörkum<br><br><i>Mældur meðalrykstyrkur frá bræðsluofni var 52,9 mg/Nm<sup>3</sup>, en losunarmörk fyrir bræðsluofn skv. gr. 3.9 eru 20 mg/Nm<sup>3</sup>. Meðalrykstyrkur í skorsteini var 36,4 mg/Nm<sup>3</sup> og reiknaður rykstyrkur frá mótun og herslu 35,1 mg/Nm<sup>3</sup>, en mörkin fyrir mótun og herslu eru 30 mg/Nm<sup>3</sup>.</i> | Opið            |
| gr. 3.8 og 3.9 í starfsleyfi | Frávik skráð: 29. júní 2026<br><br>Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi<br><br><i>Árleg mæling skv. gr. 3.9 ekki framkvæmd á rekstrarárinu 2025. Skv. gr. 4.2 skal gera mælingar a.m.k. árlega vegna losunarmarka í gr. 3.8 og 3.9. Útblástursmæling sem framkvæmd var í febrúar 2025 náði einungis til ryks, ammóníaks, fenóls og formaldehýðs og uppfyllir ekki kröfur gr. 3.9.</i>                     | Opið            |

## Lagagrunnur eftirlits

---

Eftirlit Umhverfis- og orkustofnunar er framkvæmt með vísan til 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Að loknu eftirliti eru gefin út drög að eftirlitsskýrslu og hefur rekstraraðili tvær vikur frá birtingu þeirra til að koma á framfæri athugasemdum. Að þeim fresti liðnum er gefin út lokaskýrsla.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá dagsetningu lokaskýrslu til að skila inn úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til beitingar þvingunarúrræða skv. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. einni XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. og 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.